



## Valgreinar 2014 – 2015

Skýringar og tilgangur verkefnanna

**Enska** – Lestur, þrautir og hvað sem er til að auka skilning og áhuga

**Íslenska** – Að geta talað og skilið í sinni víðustu mynd

**Stærðfræði** – Allt eftir þörfum og áhuga

*Til þess að koma sem best til móts við þá sem þurfa frekari æfingu*

**Tálgun** - Litlir listmunir

*Til að auka fínhyfingar og samspil augna og handa*

**Áttaviti, kaðlar og hnútar** – Algengustu hnútar og splæsingar – læra að lesa á áttavita og nýta hann til leiðsagnar

**Prek og þol** – Útileikfimi t.d. steinalyftur og bíladráttur

*Ýmiskonar átök til að stilla saman kraftana, seiglu og keppnisskap*

**Leirlist** – Keramikvinna, ýmsir nytjahlutir til að fara með heim

**Gítargutl** - Grip og textar, byrjendur og framhaldsflokkar

*Kenna grundvallaratriði í gripum og fella texta að lagi*

**Að sjá um sig sjálfur** - Allt sem er á heimilinu

*Gera nemandann öruggari til að takast á við allt sem þarf að gera innanhúss*

**Prjón** – byrjendaverkefni – mismunandi prjónaaðferðir

*Til þess að koma nemendum af stað í prjónaskap og gagnlegri handavinnu*

**Borðtennis- og billjarkennsla**- Kenna reglurnar og tækniatriði

**Rafsuða** - Skúlptúrar úr brotajárni

*Læra að sjá notagildi þess sem stundum er hent og gera nytjahluti og skraut úr*

**Grafísk hönnun** - Plakatgerð og bæklingar í Freehand og Photoshop

*Þróa formskyn og uppbyggingu tölvuverkefna - Litasamsetningar*

**Veðurstöðin** - Uppsetning og eftirlit

**Huglæg sköpun** – Lesinn texti, saga, ljóð, myndskreytingar og örvun ímyndunarafis

**Hekl** – Byrjendaverkefni

*Kenna fyrstu handbrögðin*

**Reimleikar** – Að læra að reima skó

**Íslenskar draugasögur** – Hlustað á draugasögur og myndverk unnin á meðan

*Einbeita sér að lestrinum og koma áhrifunum á blað*

**Eðlisfræðitilraunir** – Þurríssprengingar og köfnunarefnistilraunir s.s. ísgerð

*Byggja upp áhuga á eðlisfræði með skemmtilegum tilraunum*

**Rennismíði** - Súlur og sveppir úr mismunandi viðartegundum

*Búa til listgripi og átta sig á mismunandi eðli viðarins sem unnið er með*

**Rapp og rím** – Læra á taktbil og hrynjanda

*Átta sig á skyldleika gömlu íslensku rímnanna við tónlist samtímans*

**Útskurður í tré** – Að skera út listmuni, hverskonar verur, dýr og menn

*Samhæfing hugs og handa. Nytjahlutir, skálar, smjörhnífar o.fl.*

**Veiðarfæri í sjó** – Veiðarfæri sem eru og hafa verið notuð við Ísland

*Að nemandi skynji betur mikilvægi sjávarútvegs frá fyrstu árum til nútímans*

*Netagerðarverkstæði heimsótt*

**Upplestrartækni** – Hvernig skal kveða að svo eftir verði tekið, öndun og framsögn

*Læra að standa fyrir framan fjölda og segja sína skoðun eða flytja samið efni*

**Fiskverkun á Íslandi** – Hvernig gerum við sjávarnytjar að verðmætum?

*Að nemandi skynji betur mikilvægi sjávarútvegs fyrr og síðar fyrir íslendinga*

*hvað varðar efnahag og afkomu þjóðarbúsins*

**Vísindapælingar** - Efni af Vísindavefnum

*Sækja efni af vefnum og velta hinum furðulegustu hlutum fyrir sér – kryfja málin*

**Tröppuþrek** - Tímamæling í kirkjutröppunum, 2 ferðir með 5 mín millibili 113 tröppur?

**Álfar og huldufólk** – Eru álfar og huldufólk til?

*Læra að ræða mál sem mismunandi skoðanir eru á með tilliti til skoðana annarra*

**Plastmódel** - Samsetning á mismunandi módelum

*Efling fínhyrninga og læra að fylgja leiðbeiningum og myndrænum fyrirmælum*

**Járnsníði** - Hverskonar járnsmíðavinna, skurður, slípingar, raf- og logsuða

*Læra að nota þau verkfæri sem tilheyra vinnslu með málma*

**Línstrokur** – Að strauja þvott á réttan hátt og ganga frá honum

**Íslenskar hrakningasögur** – Valdir atburðir ræddir og farið yfir atburðarrás

*Landafræði og aðstæður skoðaðar og reynt að setja sig í spor viðkomandi*

**Ljóðagerð** – Hvernig verður ljóð til?

*Byggjum upp áhuga fyrir ljóðagerð og mismunandi ljóðform skoðuð*

**Mósaíkinna** – Glermósaík, skrautmunir

*Portait myndir, trémósaík, endurvinnsla*

**Umbúðir** - Hvað þýða merkingar á umbúðum, matvöru og fatnaði

*Umbúðalæsi er nauðsyn í dag – farið yfir mismunandi merkingar og gildi þeirra*

**Smákökubakstur**

*Lært að fara eftir uppskriftum og gera sér grein fyrir nauðsyn þrifnaðar*

*og lært á mælieiningar*

**Plastfilmur á glugga og bíla** – Skornar út plastskreytingar á bíla og glugga

*Reynir á handlægni og hugmyndaflug*

**Fjaran skoðuð** – Grendarnám í fjörunni við Skjaldarvík

*Lífrikið skoðað á staðnum og síðan heima fyrir í smásjá, það eru víða matarholur*

**Veggspjöld** – Tölvuvinna, auglýsingar, tilkynningar og skrautmunir

*Unnið með mismunandi tölvuforrit – hér gildir hugmyndaflugið*

**Fjöltæknivinna** – Samþætting sauma, taumálunar og íslenskra málshátta

## **Hringasmíði úr beinum og hornum**

*Skartgripir úr hreindýrs- og kindahornum*

## **Púðagerð - Þrykk, málun og saumar**

## **Klippimyndir – Vinna klippimyndir úr tímaritum og hverskonar myndum**

*Listsköpun og hugmyndaflug blandað ýmsum greinum s.s. málsháttum og orðtökum*

## **Leiklist - Æft og flutt leikrit**

*Framkoma og framsetning texta. Tjáning, munnleg og líkamstjáning*

## **Skartgripagerð eftir óskum nemenda**

*Mismunandi efni og aðferðir – allt er mögulegt*

## **Útsaumur - Bókamerki, krossaumur og afturstingur**

*Handverk, bæði eftir hugmyndaflugi og aldagömlum hefðum*

## **Snjó Brettasmíði - Hjólabrettasmíði**

*Að búa sér til sín eigin leikföng. Form, litir, leikur*

## **Bátar og skip í gegnum aldirnar**

*Saga íslenskrar skipaútgærðar frá upphafi til dagsins í dag og mismunandi hlutverk skipa og báta*

## **Að leggja á þriggja rétta veisluborð**

*Að kunna að taka á móti gestum með glæsibrag og leggja á borð miðað við hvað sé framreitt*

## **Vistfræði fiska – Hvað býr í hafinu?**

*Nátúrfræði. Líffræði hefðbundinna nytjafiska og breytingar á nytjum í gegnum aldirnar*

## **Graffiti - íslenskir málshættir**

*Handverk og hugmyndaflug á nýjum tímum með tengingu við íslenskt mál*

## **Skrímslasögur – eru til skrímsli í veruleikanum?**

*Hlustað og teiknað á meðan undir áhrifum sögunnar*

## **Splæs, hnútar og pelastikk – Hvaða reglur gilda um hnúta og splæsingar og af hverju?**

*Skynja gerð kaðalsins og hvernig er hægt að vinna með hann, hver er styrkurinn?*

## **Stressfroskur - Saumaður froskur með grjónaþyllingu**

*Búa til sinn eigin stresspoka frekar en kaupa, að vinna eigið dót er verðmætara*

## **Servíettubrot – 12 mism. veislubrot á tauservíettum**

*Geta skreytt og sett upp fallegt veisluborð til hjálpar á heimilinu*

## **Sjálfrennreiðarsmíði – Kassabíll úr járn og tré**

## **English teaparty - Enskt teboð með ensku kexi, bara töluð enska**

*Að setja sig inn í raunverulegar enskar aðstæður og vera teboðshæfur*

## **Saga- Mið Ameríku – Koma hvíta mannsins til Ameríku**

*Að auka skilning á framkomu hvíta mannsins við komuna vestur um haf*

## **Arabíska vorið 2011 - Hvað er að gerast þar í dag**

*Hvernig er heimurinn í dag og af hverju er hann svona? Þarf að vera stríð?*

## **Jöklar á Íslandi\* – Farið yfir sögu íslenskra jökla í myndum og máli**

*Eru jöklar óbreytanleg staðreynd eða síbreytilegir?*

**Eldgos á Íslandi\*** – Saga eldgosa í myndum og máli og t.d. þáttur þeirra í Vesturheimsferðunum

*Hvað þýða eldgos fyrir fólkið í landinu og jafnvel öðrum löndum s.s. flugsamgöngur*

**Myndasögugerð** – Teiknimyndir

*List og hugmyndaflug ræður ferðinni. Óbeint framhald af huglægri sköpun*

**Snittugerð** - Að búa til veislusnittur

*Meðferð hráefnis, bragð og útlit – geta snarað fram veislu með litlum fyrirvara*

**Að búa til flottan morgunverð** – Egg, beikon, pönnukökur o.fl.

*Að geta bjargað sér sjálfur með góðan morgunverð*

**Gátur & þrautir** – Að leggja hugann í bleyti og finna leiðir

*Athyglisþjálfum*

**Trémósaík** – Stórar andlitsmyndir af frægu fólki úr spýtukubbum

*Afgangar notaðir til að búa til listaverk og hafa nokkur verk verið tilsýnis í byggingum*

*Akureyrarbæjar undanfarið ár*

**Bóklestur** – Valdar bækur lesnar og krufnar

*Læra að skoða bókina dýpra og setja sig inn í kjarnann*

**Örakstur** – Bakað á nokkrum mínútum í örbylgjuofni

*Það er hægt að taka á móti gestum þótt ekkert sé til – bara að bjarga sér í hveli.*

*Læra að það er hægt að bjarga sér þótt ekki sé fullkomið eldhús til staðar*

**Kuml** – Gert upp 20. aldar mótörhjólakuml af Vestfjörðum

*Það er hægt að búa til ýmiss konar listaverk ef hugurinn er opinn, verkið var fært*

*Mótörhjólasafninu að gjöf og er til sýnis þar*

**Lífið á Grænlandi** – Farið yfir lífshætti íbúa nyrst á austurströnd Grænlands

*Fá tilfinningu fyrir mism. skilyrðum fólks í mismunandi löndum. Myndband frá nams.is*

**Origami pappírsbrot\*** – Búin til listaverk úr pappír

*Aldagömul austurlensk hefð skoðuð, tækni og listfengi og fínhreyfingar*

**Sultugerð** – Unnið úr eigin tínslu til að fara með heim og nota hér í skólanum í vetur.

*Hollur er heimafenginn baggi*

**Vestmannaeyjargosið\*** – Farið yfir gossöguna og afleiðingar gossins

*Auka skilning á náttúruhamförum og hvað er til varnar. Myndband frá nams.is*

**Skálmöld** – Hljómsveitin Skálmöld er með áhugaverða texta og sögur úr Goðafræðinni

*Skilja að tengslin við fortíðina geta verið endalaus uppspretta hverskonar listaverka*

*Bragarháttur, hlustun, upplestur, orðskilningur*

**Ítalíuskript** – Draga rétt til stafs

**21 keppni** – Reynir á samlangingu og ályktun um hvenær skuli taka áhættu, líkindareikningur

*Það er hægt að þjálfra sig í stærðfræði á mismunandi hátt*

**Saga landafundanna \*** - Upphaf Íslandsbyggðar með vídeóstuðningi (Kári Schram)

*Hvert var upphafið, hvernig eigum við að skoða söguna?*

- Öldin okkar** \*- Verkefni úr bókunum með myndastuðningi. Hvað gerðist á síðustu öld?  
*Vera meðvitaður um genginn tíma í lífi þjóðarinnar*
- Jarðskjálftar og eldgos** \* - Fræðsla með myndbandsstuðningi frá [nams.is](http://nams.is)  
*Saga lands og þjóðar í gegnum aldirnar. Hvers bera að gæta? Hvernig á maður að hegða sér og hvað ber að varast. Umræður á eftir*
- Lífið í Brasilíu** – Farið yfir lífsskilyrði fólks í mismunandi löndum  
*Fá tilfinningu fyrir mism. skilyrðum fólks í í ólíkum löndum. Myndband frá [nams.is](http://nams.is)*
- Stjörnugerð** – Búa til pappírsstjörnur til að hengja í glugga
- Fuglarnir í votlendinu** - Sjá má fugla í móum, votlendi og mýrum, fylgst er með fjölbreyttu atferli einstakra tegunda og lífsbaráttu þeirra. Mynd frá [nams.is](http://nams.is) - Umræður á eftir
- Járnlóm** – Unninn skúlptúr úr afgangsjárni (rusli)  
*Rafsuða og logsuða*
- Goðsagnir** – Goðafræðin skoðuð og spáð í sögurnar  
*Veitt innsýn í þennan gamla sagnaarf. Myndband frá [nams.is](http://nams.is)*
- Töskusaumur** – Sauma töskur sjálfum sér til gagns
- Vatnslitatakni** – Farið í grunnatriði vatnslitunar
- Í ríki fálkans** - Fylgst er með tveimur fálkahjónum á Norðurlandi, lífsbaráttu þeirra og hvernig þeim tekst til við að koma upp ungum. Mynd frá [nams.is](http://nams.is)
- Hesthússkoðun** – farið í heimsókn að Glæsibæ og nýja hesthúsið skoðað  
*Átta sig á atvinnulífi nærumhverfisins og kynnast lífinu í sveitinni og gildi hestsins í samfélagi nútímans*
- Reitamynstur** – Teikna mynstur á rúðustrikaðan pappír  
*Nota mynstrið síðan í að sauma púða eða í prjónaskap*
- Leifur heppni** – Saga Leifs og koma hans til Vesturheims. Mynd frá [nams.is](http://nams.is)
- GPS- rötun** – Læra að nota GPS tæki
- Tyrkjaránið á 18. Öld\*** - Fyrsti hluti sögunnar. Mynd frá [nams.is](http://nams.is)  
*Hvaða landshlutum tengist sagan og hver urðu endalok fólksins sem rænt var – var munur á þessu ráni og víkingunum okkr sem mikið er gumað af?*
- Salatgerð** – Fjórar mismunandi salattegundir, majones og hollustusalöt. Hver er munurinn?  
*Það skiptir máli hver hráefnin eru þótt svipuð séu*
- Leika, teikna og svara** – ALIAS spilið  
*Reynir á hugmyndaflug og tjáningu*
- Meltingarfæri mannsins** – Hvernig starfa þau?  
*Til að starfa eðlilega þarf mannlíkaminn kolvetni sem orkugjafa, fitu í orkuförða, og frumulíffærin*
- Neyðarfæði** – Matbúa úr því sem til er í ísskápnum hverju sinni.  
*Spurning um hugmyndaflug og nýtni*
- Franskar og fiskur** – Djúpsteiktar gellur og franskar  
*Kennd undirstöðuatriði í meðferð hráefnis og blandað saman gömlum og nýjum aðferðum. Hvað er gella?*
- Komdu nú að kveðast á** – Gamla aðferðin.  
*Kynnast ljóðum og stökum við þennan gamla leik*



**Höfðaletur og rúnir.** Skoða þessa gömlu hefð og læra að lesa í höfðaletrið

*Kynnast fornum háttum og lífi fyrri alda*

**Gangtegurnir hesta** – Íslenski hesturinn er sérstakur og býr yfir meiri ganghæfni en aðrar hestategundir.

*Fyrst eru skoðuð myndbönd sem eru skýrð út og síðan er farið á vettvang og hestar skoðaðir á mismunandi gangtegundum*

**Hvernig á að bregðast við áföllum í lífinu?** Hvað er til ráða þegar á bjátar.

*Farið yfir leiðir til sjálfshjálpar í vanda og hvernig og hvar skuli leita hjálpar*

**Vatnslitun** – Grunnatriði vatnslitunar,

*Meðferð áhalda og samruni og flæði lita*

**Lífið á Indlandi\*** - Skoðuð mynd frá nams.is um hve lífið á Indlandi er ólíkt okkar

*Til að auka víðsýni og átta sig betur á mismun þjóða og menningarheima*

**Skapalón** – Til hvers eru skapalón gerð og hvaða máli skipta þau ef hugsað er til útkomunnar

**Félagsvist** – Ágæt aðferð til að læra stærðfræði og líkindareikning

*Góð samskipatæfing þar sem tveir spila saman og taka þarf tillit til hins, vera í liði og þurfa að treysa á meðspilarann*

**Einelti – Helvíti á jörð\*** - Mynd frá nams.is – Umræður á eftir

*Þörf umræða sem þarf að viðhalda, myndin kveikir spurningar*

**Glófi – fataverksmiðja** – Hvað er að gerast í atvinnulífi nágrennisins?

*Til að auka þekkingu á nærumhverfinu og átta sig á gildi virks atvinnulífs*

**Stríðsárin á Íslandi\*** - Mynd frá nams.is um komu hersins og hvernig lífið breyttist

*Fjallað um húsnæðismál hernámsáranna og þá þenslu sem varð og flutning fólksins úr sveit í borg*

**Bátasmíði** - Hvað er að gerast í atvinnulífi nágrennisins?

*Til að auka þekkingu á nærumhverfinu og átta sig á gildi virks atvinnulífs*

**Heimsókn í Togara** – Hvað er togari? Til hvers er hann?

*Oddeyrin skoðuð með sjómönnum og útskýringar á lífinu um bord og Verðmætasköpunina sem fram fer.*

**Náttúran í nýju ljósi** – Við kynnum okkur bæði hitabeltiseyjar sem eru alger paradís á jörð og afskekktar klettaeyjar. Hvort sem við leitum að sjóræningjafjárjóði, raunverulegum drekum eða fuglum sem fljúga afturábak, þá eru eyjar alltaf heimur út af fyrir sig.

Mynd frá náms.is styður verkefnið

**Álfabyggðir** – Farið í Krossanesborgir og þekktar álfabyggðir skoðaðar

*Sagan sögð og allir með teikniblokk og teikna sína útgáfu af heimkynnum álfanna  
Og þeirri upplifun sem varð*

**Brellumyndir** – Teiknimyndaseríur sem byggjast á að blekkja augað og kannski er myndin af öðru en sýnist við fyrstu sýn

**Útistærðfræði** – Farið um nágrennið og hús mæld upp og reiknuð út ásamt vegalengdum

**Flöskuskeyti** – Skrifuð bréf og sett í flösku sem send er með skipum út úr firðinum og kastað þar í sjó

*Enginn veit hvenær svar kemur né hvert flöskurnar rekur, spennandi?*

**Elsku barnið mitt** – Mynd sem fjallar um líf og störf barna og ungs fólks með Downs-heilkenni á Íslandi. Fylgst er með lífi fimm einstaklinga á aldrinum 1 - 25 ára.

*Hugmyndir að verkefnum og umræðum sem hægt er að nýta í kennslu. Myndin hentar vel sem stoðefni í lífsleikni, samfélagsgreinum og náttúrufraði.*

**Héðan til eilífdar** - Í þessari mynd er hluti af óravíddum geimsins kannaður og margs konar stjórnur, geimþokur, vetrarbrautir og önnur fyrirbæri hans skoðuð og skýrð  
*Myndin hentar vel til kennslu á efsta stigi grunnskóla, meðal annars með námsefni í flokknum: Almenn náttúruvísindi.*

**Að búa um rúm** – Farið á Hótel Skjaldarvík og lært að taka af rúmunum og búa um rúmin að nýju á hótelvísu og þannig að sómi sé að.

*Öllum er nauðsyn að geta séð um sig sjálfur og eitt af því era ð búa um sig*

**Andlitsnudd** – Slökunarnudd til aukinnar vellíðunar

**Pappírfléttur** – Pappír úr myndatímaritum skorinn niður og fléttað með japönskum fléttum til dæmis dömuveski o.fl.

**Fluguhnýtingar** – Fært að hnýta veiðiflugur og kynna sér stangveiði og mismunandi Veiðiaðferðir.

*Stangveiði er bæði sport og atvinnugrein og skiptir miklu máli í sumum Sveitarfélögum og vatnalíffræði eru mikil vísindi*

**Flugið** - Hvaða tvenns konar hæfni verður hinn fæddi flugsníllingur að hafa til að bera? Mynd frá nams.is

*Í myndinni kynnumst við flugtækni manna og sjáum hana borna saman við tækni flugsníllinga náttúrunnar úr hópi fugla. Umræður á eftir*

**Numikon** – Unnið með numikon

**Andlitsgrímur úr gipsi** – Nemendur taka afsteypu af andliti hvers annars og vinna svo með grímuna af sjálfum sér

**Vísindaleg aðferð** – Í myndinni er sýnt hvernig hægt er að beita skrefum vísindalegrar aðferðar til rannsóknar á vettvangi.

*Myndin fjallar um athugun á lundabyggð í Vestmannaeyjum þar sem vísindaleg aðferð er lögð til grundvallar. Ráðgáta er skilgreind, upplýsinga er aflað*

**Vegurinn heim** - Vegurinn heim er hjartnæm íslensk heimildarmynd byggð á viðtölum við fimm börn innflytjenda á Íslandi. Í henni ræða börnin líf sitt og tilveru hér á landi og lýsa upplifun sinni af því að vera á mörkum ólíkra menningarheima

**Loðnan** - Myndin greinir frá rannsóknum nemenda í framhaldsskólanum í Vestmannaeyjum á æxlunarhegðun loðunnar, sem hlotið hafa alþjóðlega viðurkenningu. Greint er frá helstu niðurstöðum.

*Í lok myndarinnar eru verkefni sem tengjast efninu lögð fyrir nemendur*

**Mennt er máttur** - Fyrir 30 árum fóru um 15% hvers árgangs í framhaldsskóla en í byrjun nýrrar aldar er hlutfallið orðið um 90%. Má því segja að hugmyndin um framhaldsskóla fyrir alla sé að verða að veruleika. Í upphafi þessarar myndar hefja söguhetjurnar, Ástrós og Auðun, nám við sérnámsbraut Borgarholtsskóla árið 1998. Þá var boðið upp á tveggja ára nám sem síðar breyttist í fullt fjögurra ára framhaldsskólanám.

*Í lok myndarinnar fylgjumst við með þegar söguhetjurnar útskrifast með glæsibrag. Myndin er hugsum sem hvatning til fjölbreyttara skólasamfélags*

**Hafnarskoðun** – Hafnirnar á Akureyri skoðaðar með starfsmanni, sagan rakin og breitt hlutverk hafnarinnar í dag.

*Nemendur átti sig á þýðingu hafnarinnar fyrir byggðarlagið*

- Alþingiskosningarnar 2013** – Farið yfir aðdraganda kosninganna í vikunni fyrir kosningar .  
*Hvað þýða skoðanakannanir og hver er áreiðanleiki þeirra? Síðan er farið yfir úrslit kosninganna í vikunni eftir kosningar. Hvernig verður stjórn mynduð?*
- Gengið um Glerárgil** – Farið um Glerárgilið og gróður og náttúra skoðuð. Gamla virkjunin skoðuð með leiðsögn frá Norðurorku.  
*Hvað vita börn um sitt nærumhverfi og atvinnuhætti*
- Hlíðarskólavíkingurinn** – Steinatök, bíladráttur og hverskonar aflraunir.  
*Skipt í lið til að allir séu gildir þátttakendur*
- Hvað verður um ruslið okkar?** Heimsókn í Gámafélgið til að fara yfir hvað verður um ruslið og af hverju erum við erum að flokka?  
*Öllum er nauðsyn að vita hvað verður um það sem við setjum frá okkur hafa tilfinningu fyrir því að hver og einn þarf að hugsa um sig, erum við að skemma fyrir framtíðinni?*
- Kóngaspil** – Félagsfærnileikur þar sem samstarf skiptir máli
- Í slóð Nonna** – Farið yfir ævi og störf Nonna  
*Skipalón, Möðruvellir og Fjaran á Akureyri heimsótt ásamt Nonnahúsi*
- I Movie** – Stuttmyndagerð þar sem nemendur semja handrit einir , skipa í hlutverk og sjá um tölur  
*Sýnt á skólaslitum*
- Sjósull** – Farið á Gáseyri og buslað, sulað og synt í sjónum  
*Hvað er sjósund, er eitthvað að þessu fólki sem stundar það, eða er það gaman?*
- Fuglaskoðun** - Farið um Krossanesborgirnar og hið fjölbreytta fuglalíf þar skoðað með leiðsögumanni  
*Á þessum stað verpa yfir tuttugu tegundir fuga og er einn af fáum stöðum hér þar sem enn er mikið um vaðfugla*
- Nöðrutamningar** – Notuð skellinaðra uppgerð  
*Læra handtök við uppgerð véla, gírkassi rifinn, hjólið gert eins og nýtt, vinna eftir leiðbeiningum*
- Stíflugerð** – Bæjarlækurinn stíflaður og orkuvinnsla undirbúin.
- Hvernig á að verka og elda gæs.** – Farið yfir helstu atriði við hamflettingu, plokkun og úrbeinigu á gæs og tillögur að eldamennsku.  
*Læra að bjarga sé og kynna hverjir eru mismunandi möguleikar á nýtingu gæsa*
- Athyglisþjálfun** – Unnið með mismunandi uppröðun á hlutum, þrautir og skynsamlegar Ályktanir
- Óþekktarormar**- Unnið með afleiðingar hegðana okkar, gerð skil á hver sé munurinn á óþekkt eða mannvonsku.  
*Unnið út frá sögunum af Emil í Kattholti.*
- Hlíðarheilinn**- Unnið með sjálfstraust viðkomandi nemenda, þetta er spurninga keppni og hver og einn tekur þátt og þarf að gera skil á svörum sínum.
- Uppistandarinn** – Unnið er með sjálfstraust þar sem nemandi kemur fram og segir brandara yfir hópinn.  
*Æfing í því að koma fram og treysta á sjálfan sig.*
- Flugdrekasmíði** – Hvað þarf tila ð flugdreki geti flogið og taki stjórn  
*Reynir á hugvit og skynjun á loftstraumum*



**Að klippa berjarunna** – Hvernig á að bera sig til við að klippa á réttan hátt  
**Útileikir** – Læra alla gömlu og góðu útileikina sem hafa lifað með þjóðinni  
**Viðfangsefni vísindanna – Mannlíkaminn** – Gera sér grein fyrir gerð og þróun  
mannlíkamans

**Loombönd** – Unnið með teygjur og lærðar mismunandi aðferðir tila ð flétta

**Búðu til orð** – Íslenskuspil. Nemendur safna bókstöfum og keppast við að mynda sem  
flest orð.

*Markmiðið að auka orðaforða og æfa stafsetningu.*

**Draugaspil** – Spilið reynir á viðbrögð og rökhugsun nemenda og þjálfar þá í að bera  
kennsl á liti og form.

**Fjaran** – Fræðslumynd um fjöruna. Nemendur kynnast fjölbreyttu lífríki fjörunnar.

**Íslensk ævintýri** – Lesið íslenskt ævintýri, teiknaðar myndir og umræður.

*Æfa hlustun og einbeitingu nemenda og þjálfra lesskilning.*

**Klúður** – Teningaspil sem reynir á rökhugsun nemenda og þjálfar reikning.

**Sólkerfið** – Rætt um plánetur sólkerfis okkar og annað sem leynist í himingeimnum.

*Nemendur öðlast skilning og yfirsýn yfir alheiminum.*

**Tvenna** – Samstæðuspil.

*Spilið reynir á snerpu, hraða og eftirtektarsemi nemenda.*

**Úti er ævintýri** – Hlustað á ævintýri, teiknaðar myndir og umræður um ýmsa viðburði í  
sögunni. Hvað gerist eftir að sögunni lýkur?

*Æfa hlustun og einbeitingu nemenda og leyfa hugmyndafluginu að njóta sín.*

**Prautir og heilabrot** – Nemendur vinna í sameiningu að því að leysa ýmsar þrautir og  
heilabrot.

*Reynir á rökhugsun nemenda og þjálfar samvinnu.*

**Þýska** – Tölur, litir, stuttar setningar og vísur.

*Leyfa nemendum að fá innsýn í annan menningarheim, auka skilning og vekja áhuga.*

**Sjálfsmyndin** – Unnið með ljósmyndir af sjálfum sér og síðan límt á krossvið og skreytt  
með klippimyndum

**Steinaslípun** – Farið í fjöruna og fundnir fallegir steinar til að slípa í slípivel og hanna  
síðan skartgrip

*Auka þekkingu nemenda á náttúrunni, er stein bara stein eða efni í skartgrip*

**Saga snjóflóða á Íslandi** – Farið yfir snjóflóðasögu Íslands með myndböndum og  
Frásögnum úr fortíð og nútíð

*Gera nemendur meðvitaða um þá ógn sem snjóflóð hafa verið og geta orðiðp*

